# AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

*Vatnsendi – Hvörf. Brekkuhvarf 20. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 23. febrúar 2016 breytt deiliskipulag fyrir Brekkuhvarf 20. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt í tvær sjálfstæðar lóðir, Brekkuhvarf 20 og Brekkuhvarf 20a. Á Brekkuhvarfi 20a verður byggingarreitur, 26 m x 8,5 m að stærð, fyrir einbýlishús á 1-2 hæðum. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi – Norðursvæði. Faldarhvarf 15 og 17. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 23. febrúar 2016 breytt deiliskipulag fyrir Faldarhvarf 15 og 17. Í breytingunni felst að svalir fara 1,8 m út fyrir byggingarreit á 2. hæð á suðurhliðum húsanna. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi – Þing. Hafraþing 9-11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 23. febrúar 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hafraþing 9-11. Í breytingunni felst að í stað parhúss á tveimur hæðum verði reist parhús á einni hæð. Grunnflötur hvorrar einingar stækkar úr 165 $m^2$ í 238 $m^2$ og aðkomukótar breytast. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 25. febrúar 2016.*

**Þóra Kjarval** arkitekt.

---